

Föstudagur 30. október 2009


Hvaðan á vöxturinn að koma? Er þetta efnahagsbatinn í Evrópusambandinu? Hagstofa ESB kom í gær með yfirlit yfir fjárfestingar og andstæðu fjárfestinga, nefnilega sparnaðinn. Ef ég á pening og eyði honum ekki, þá er það kallað að spara. Ég geymi peningana þangað til mér finnst ég geta eytt þeim. Eða, ég fer í það verk að greiða niður skuldir. Þá batnar fjárhagsstaða mín samkvæmt pappír. Pappír er alltaf þakklátur og tekur vel við öllu sem að honum er rétt. Hann gerir engar athugasemdir. Tölurnar glansa á pappírnum ef við notum glanspappír. Það er svona sem efnahagsbatinn í ESB mun verða. Mest einleikur á glanspappír. Já, fjárfestingar niður og sparnaður upp. Þetta rímar ágætlega við þá staðreynd sem birtist hér í morgun. Smásalan hafði (óvænt) dregist saman í sjálfu Þýskalandi í september miðað við ágúst og einnig mikið á milli ára. Laun hafa að sama skapi lækkað í Þýskalandi.



Nú er eina vonin að ríkið geri eitthvað og að útlönd komi evrusvæðinu til hjálpar með sterkri eftirspurn, því ekki getur hún sjálf orðið til á evrusvæðinu, þ.e. ekki nema með hjálp ríkisins. En stóra vandamálið er að mynt Evrópusambandsins hefur breyst í loftbelg á síðustu 6 árum. Gengi myntar Evrópusambandsins er um borð í loftbelgnum. Í myntkörfunni. Loftbelgurinn virðist vera mannlau og ósjálfbjarga uppi í skýjunum núna. Því ákalla ESB-menn Ameríku og biðja þá um "sterkan" Bandaríkjadal. Gerið eitthvað!; [hagstofa ESB](#) | [hagstofa Þýskalands](#)

Fimmtudagur 29. október 2009

Verður Gordon Brown aftur undirmaður Tony Blair? Hvernig skyldi Gordon Brown líka að verða undirmaður herra forseta Evrópusambandsins Tony Blair. Ef Tony Blair verður fyrsti forseti Evrópusambandsins þá verður hann yfirmaður Gordon Brown á ný. Að minnsta kosti í þessum efnum og af þeirri stærðargráðu sem sést hér á myndinni. Svo mun gulu stjórnunum fjölga mjög fljótlega og allt verða mest blágult. Það er nú munur að þurfa ekki að standa í að láta kjósa sig. Maður verður bara forseti hér og þar. "Hæ Goddy, þetta er Tony, hvernig gengur heima? Nú getur Dr. Kissinger hringt í mig en ekki þig. Ég er nefnilega kominn með númer. Vertu blessaður"; [Telegraph](#) Tengt efni: [Er Bretland ennþá sjálfstætt og fullvalda ríki?](#)



Draumurinn um sameinað ríki Evrópusambandsins: Draumurinn um einskonar United States of Europe í utanríkismálum er skýr hjá utanríkisráðherra Frakklands. EEAS hefur alla burði til þess að þróast í utanríkisráðuneyti sambandsríkja Evrópu. Í tilefni heimsóknar til Póllands þann 20. júlí núna í sumar, hélt utanríkisráðherra Frakklands, Bernard Kouchner, ræðu á samkomu sendiherra Póllands. Þar sagði hann meðal annars eftirfarandi:

"Án nýju stjórnarskrár Evrópusambandsins (sem oft er nefnd Lissabon sáttmálinn) getum við ekki talað um framtíð fyrir Evrópu, enga framtíð fyrir öryggisvarnir Evrópu, enga framtíð fyrir stækkun Evrópu og enga framtíð fyrir fullkomnun Evrópu. Með 27 einstökum löndum er ekkert af þessu mögulegt."

Þessi pistill minn birtist hér á vefsetrinu í morgun. Lesið hann allan hér; [Draumurinn um sameinað ríki Evrópusambandsins](#)

Miðvikudagur 28. október 2009

"par error". Í franska þinginu gerðust þau mistök að sett voru í lög 10% aukalegur skattur á hagnað banka þar í landi. Þessu greindi fjármálaráðherra Frakklands, Christine Lagarde, frá í fyrradag. En þetta voru mistök sagði hún. Þessi tæknilegu mistök verða leiðrétt á morgun, sagði ráðherrann. Það kom nefnilega í ljós að þingmenn vissu ekki hvað þeir voru að gera. Víst er talið að þingið muni leiðrétta mistökin. Stuttu eftir að atkvæðagreiðslan var gerð opinber sagði fjármálaráðuneytið að tveir þingmenn hefðu ekki vitað hvað þeir voru að gera og kusu því "vitlaust". En tillaga ráðherrans um extra 100 milljón evru skatt á fjármálastofnanir sem á að fjármagna hert bankaeftirlit var viðtekin samhljóða. Þetta mun færa ríkisstjórninni extra 100 milljón evrur í búðarkassann. Þar vissu menn hvað þeir voru að gera. Maður spyr sig hvernig málin gangi fyrir sig í ESB þinginu talandi mörgum tungum í einu. *"Lost in translation"*; [Les Echos](#)



Í Danmörku er verðbólgan undir 2% á ári núna og stýrivextir seðlabanka Danmerkur eru 1%. Samt eru 11-12% vextir á bílalánum. Lánin eru veitt til 5 ára og eru með veði í bílnum. Þetta er tilboð frá sparisjóðum og stærstu bönkum landsins til venjulegra viðskiptavina. Til eru lán á lægri vöxtum hjá ýmsum lánafyrirtækjum, en þá er ýmsum gjöldum bætt ofaní vextina þannig að árskostnaður verður jafnvel ennþá hærri en ef vextir væru "bara" 11-12% á ári. Regla er að bankinn er alltaf ódýrasta fjármögnunarleiðin. Skilaboðin frá bönkunum voru þau að vextir myndu hækka ennþá meira þegar horft er fram á veginn; *heimild: eigin fundir með viðskiptavinum okkar í bönkum*

Þriðjudagur 27. október 2009

Hin ESB-gagnrýna hugveita *Open Europe* birti í gær skýrslu ([hér](#) og [hér](#)) sem ber heitið: "hvernig Evrópusambandið fylgist með þér." Þar heldur hugveitan því fram að þegar nýja stjórnarkrá Evrópusambandsins, Lissabon sáttmálinn, verði staðfestur af öllum löndunum og tekin í notkun, muni það opna upp fyrir nýtt ferli og hraða tilurð Evrópusambandsins sem nýsnasamfélag þar sem nýsnað verður um þegnana á hinn grófasta hátt. Þetta verði gert undir yfirsýni "lögregluverndar, öryggissjónarmiða og sem varnir gegn glæpastarfsemi".



(A) Einn þriðji hluti mannaafra lögreglu í ESB-löndum verði þjálfður upp í lögreglustarfsemi sem væri einskonar "menningarsameiginleg lögregla" (afsakið, þetta er

illa orðað hjá mér, mig skortir hér orð) (enska. a target to train a third of all police officers across the EU in a "common culture" of policing). (B) Fjölda-innsöfnun persónulegra upplýsinga í gagnagrunn ESB og þar með talið erfðaupplýsingum um okkur (DNA data). (C) Margumrædd "internet-lögregla" verði sett á laggirnar til að fylgjast með ferðum borgarana á netinu og tölvunotkun þeirra.

(D) "ESB-innanríkisráðuneyti" verður sett á laggirnar og mun t.d. geta stýrt sameiginlegum lögregluaðgerðum í öllum löndunum frá einum stað. Að innflytjenda- og búferlaflutningamál þeirra verði sett undir þetta "innanríkisráðuneyti". (E) "Master-áætlun" um að skiptast á "upplýsingum" á milli landa verði gangsett. (F) Upplýsingar um réttargang og málsmeðferð í glæpamálum verða gerðar sameiginlegar. (G) Að þríefldur verði fjöldi útgáfa ESB-handtökuskipana ásamt straumi af öðrum málum. Höfundur skýrslunnar, Stephen Booth, spyr "hvernig geta þegnarnir búist við að grunnleggjandi réttindi þeirra til frelsis og sjálfstæðis muni verða virt og tryggð af stofnunum sem enginn hefur kosið. Stofnunum sem hafa sem helsta markmið að framleiða ný lög"; fréttatilkynning [Open Europe](#)


Mánudagur 26. október 2009

Fjöldi fátækra í Finnlandi er nú áætlaður um 700 þúsund til ein milljón manns. Allt að ein milljón manns í Finnlandi tilheyra heimilum með lágar tekjur, segir forstöðumaður finnsku Kela stofnunarinnar, prófessor Olli Kangas. Kela hefur umsjón með grundvallaröryggi þegna Finnlands. Þeir sem hafa lægri tekjur en 13.000 evrur á ári eru taldir tilheyra hópnum með lágur tekur.



Samkvæmt verðlagskönnun hagstofu ESB fyrir árið 2008 er Finnland nú þriðja dýrasta land ESB (á eftir Danmörku og Írlandi) og mun dýrara land en Ísland. Hér er átt við samanburð á milli landa. Hvað fær t.d. Finni fyrir pening sinn í öðrum EES og ESB löndum og öfugt; [PDF](#)

Flestir sem hafa lægri tekjur en 1.000 evrur á mánuði í Finnlandi eru ellilífeyrisþegar, námsmenn og atvinnulausir. Fyrir nokkrum árum reiknaðist hagstofu Finnlands til að fjöldi fátækra væri 700.000 manns í Finnlandi. Í Finnlandi búa 5,34 milljón manns. "Það eru engar opinberar tölur fánalegar en ég álít að það sé ekki fjarri sanni að tala fátækra sé að nálgast milljón manns núna", segir prófessor Olli Kangas. "Misskipting er að aukast og hún er ekki endilega tengd þessari kreppu núna"; [Helsinki Times](#). Tengt: heimilislausum er vísað til höfuðborgarsvæðis Finnlands; [Helsinki Times](#)



Mynd: atvinnuleysi í Finnlandi borið saman við Ísland: Finnland ásamt Álandseyjum gekk úr EFTA og í ESB árið 1995. Síðan þá hefur atvinnuleysi í Finnlandi aðeins farið niður fyrir 8% í tvö til þrjú ár af síðustu fjórtán árum. Á þessu tímabili hefur Finnland greitt yfir þrjú miljarða evrur (3066 milljón evrur) í nettógreiðslu til Evrópusambandsins. Þetta er greiðsla Finnlands fyrir ESB aðildina. Finnland hefur þurft að greiða nettógreiðslu til Evrópusambandsins öll árin frá 1995 til dagsins í dag, nema árið 2000. Það er þó einu ári

skárra en hjá Svíum sem aldrei hafa fengið nettógreiðslu frá ESB síðan landið gékk þar inn; sjá tölulegar upplýsingar ásamt fleiru um Finnland: [Finnland á ekki afturkvæmt út úr ESB eða evru](#)

SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>